

Akureyri, 30. apríl 2019

Umsögn frá Stjórn Kennarafélags Menntaskólans á Akureyri um þingmál 801, lagafrumvarpið *Menntun, hæfni og -ráðning kennara og skólastjórnenda við leik-skóla, grunnskóla og framhaldsskóla* á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Stjórn Kennarafélags Menntaskólans á Akureyri varar eindregið við því að svokallað kennarafrumvarp verði gert að lögum í óbreyttri mynd.

Meginmarkmið þessa frumvarps eru tvö:

Í fyrsta lagi er því haldið fram að flæði kennara milli skólastiga hafi ekki tekist vegna ágalla á gildandi lögum. Umræddur ágalli er talinn vera 21. grein laganna en samt sem áður liggur fyrir ársögmul staðfesting Umboðsmanns Alþingis þess efnis að greinin sé fullgild og tryggi til þess bærum kennurum full réttindi milli skólastiga. Nú liggur sömuleiðis fyrir álit sérfræðinga frá Landslögum sem staðfestir réttindi kennara milli skólastiga enn frekar. Það er því engin ástæða til að breyta lögum um menntun kennara til að tryggja kennurum starfsöryggi milli skólastiga. Það er fyrir hendi í lögunum. Vandinn liggur ekki í núgildandi lögum heldur í því að við ráðningar er farið á svig við löginn.

Seinna meginmarkmiðið er að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar með því að fjölga hæfum kennurum í skólum landsins. Hvernig má vera að það markmið náist með því að minnka menntunarkröfur til kennara og þar með veikja faglegan grundvöll starfsins? Í núgildandi stjórnarsáttmála segir „Mikilvægt er að stuðla að viðurkenningu á störfum kennara, efla faglegt sjálfstæði þeirra og leggja áherslu á skólaþróun á öllum skólastigum.“ Þetta er ekki leiðin til þess.

Um þessar mundir sinna þúsundir kennara öðrum störfum en kennslu þar sem hærri laun og betri starfsaðstæður eru í boði. Nærtækast væri að laða þetta fólk til kennslu á ný með aðgerðum sem virka. Aðgerðir í stórsókn ráðherra um launað starfsnám og námsstyrk á leik- og grunnskólastigi hafa þegar skilað árangri því nemendum í kennaranámi hefur fjölgað. Því má ljóst vera að eina leiðin sem virkar til að fjölga hæfum kennurum er að bæta kjör þeirra og starfsaðstæður.